

Erindisbréf fyrir Ungmennaráð Strandabyggðar

Ungmennaráð Strandabyggðar var stofnað í maí 2012. Ungmennaráð var skipað 5 ungmennum á aldrinum 13 til 25 ára sem voru valin af Tómstanda-, íþróttá- og menningarnefnd. Árið 2016 varð breyting á fyrirkomulagi Ungmennaráðs þar sem farið var að vinna með beint lýðræði.

Stjórnskipuleg staða

Ráðið heyrir undir Tómsundasvið Strandabyggðar en starfar undir stjórn ungmennáþings.

Skipan nefndarinnar

Ungmennaráð skal skipað fimm fulltrúum til tveggja ára í senn. Annað árið er þá kosið um tvo fulltrúa en þrjá hitt árið. Fulltrúar þessir eru kosnir á fyrsta ungmennáþingi vetrarins. Varamenn ungmennaráðs eru þeir fimm sem efstir eru í kosningu en ná þó ekki kjöri á ári hverju. Á fyrsta fundi Ungmennaráðs kýs ráðið sér formann og fulltrúa í nefndir sveitarfélagsins.

Formaður kallar á fundi og getur stigið inn sem varamaður á nefndarfundi ef fulltrúi Ungmennaráðs í þeirri nefnd forfallast.

Varamenn geta stigið inn sem nefndarfulltrúar Ungmennaráðs, sem varamenn á fundum eða verið til aðstoðar við viðburði og ungmennáþing.

Ungmennaráð á áheyrnarfulltrúa í fjórum nefndum sveitarfélagsins, Fræðslunefnd, Atvinnu-, dreifbýlis- og hafnarnefnd, Tómstanda-, íþróttá- og menningarnefnd og Umhverfis- og skipulagsnefnd.

Tómstandafulltrúi situr sem áheyrnarfulltrúi á fundum Ungmennaráðs og ritar einnig fundargerð.

Hlutverk nefndarinnar

- Vera tengiliður ungmenna í Strandabyggð við yfirvöld og ráðgefandi um málefni ungmenna fyrir yfirvöld.
- Vera rödd ungmenna í Strandabyggð, gæta hagsmuna ungmenna og efla umfjöllun um málefni ungmenna.
- Halda utan um ungmennáþing fjórum sinnum á ári sem er grundvöllur til þess að ungmenni geti komið saman og komið skoðunum sínum á framfæri.
- Efla og skipuleggja félagslíf og almenna fræðslu fyrir ungmenni á aldrinum 13-25 ára í sveitarfélaginu.
- Bæta samfélagið með jákvæðu hugarfari og sýna gott fordæmi.
- Virkja ungmenni í samfélaginu.

Starfshættir

Starfstími Ungmennaráðs er frá fyrsta ungmennáþingi á hausti og fram að ungmennáþingi næsta haust, þar sem kosið er í nýtt ráð.

Á þessu tímabili skal Ungmennaráð funda að minnsta kosti sex sinnum.

Jafnframt skal boða Ungmennaráð á fund sveitarstjórnar að minnst kosti einu sinni.

Formaður boðar fundi í samráði við tómsfundafulltrúa.

Formaður stýrir fundum.

Á fundum Ungmennaráðs er farið yfir málefni úr nefndum sem koma að ungmennum, félagslíf skipulagt og ungmennaping skipulögð.

Ungmennaráð heldur utan um ungmennaping minnst fjórum sinnum á tímabilinu.

Haldin eru fjögur ungmennaping á hverju ári þar sem allir á aldrinum 13-25 ára eru velkomnir. Á þessum þingum er farið yfir síðastliðin ársfjórðung og næsti ársfjórðungur skipulagður. Allir sem mæta á ungmennapingið hafa atkvæðis- og tillögurétt. Yfir öll verkefni sem ákveðið er að fara í á hverjum tíma er skipaður verkefnastjóri sem ber ábyrgð á hverju verkefni fyrir sig.

Réttindi og skyldur

Fulltrúar Ungmennaráðs fá greitt fyrir setur á Ungmennaráðsfundum samkvæmt samþykkt um kjör og fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Strandabyggðar.

Ef um forföll er að ræða á fundi skal það tilkynnt á skrifstofu Strandabyggðar eigi síðar en kl. 12:00 boðaðan fundardag.

Lög og reglugerðir

Ráðið skal fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar eins og hún er hverju sinni og kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Gildistaka

Erindisbréf þetta var samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar á sveitarstjórnarfundi 8. ágúst 2017.